**Aðalfundur LÍ**
**2. - 3. október 2025**

## Ályktun
## um breytingu á greiðsluþátttökukerfum sjúkratryggðra

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Stykkishólmi dagana 2. og 3. október 2025 skorar á heilbrigðisráðherra að breyta greiðsluþátttökukerfum í sjúkrakostnaði og lyfjakostnaði og taki bætt kerfi gildi innan tveggja ára.

Núverandi kerfi geta haft hamlandi áhrif á komur einstaklinga til læknis sem og kaup þeirra á lyfjum. Þetta á sérstaklega við um yngra fólk og tekjulægri einstaklinga. Greiðsluþátttökukerfi eiga ekki að hindra aðgang að læknisþjónustu eða lyfjum.

Læknafélag Íslands lýsir sig reiðubúið til samvinnu við stjórnvöld um útfærslu á þessum breytingum.